

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) haldinn á Þingborg miðvikudaginn 7. janúar 2026, kl. 14:30.

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps

Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Auk þeirra sátu fundinn þær Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu.

Fulltrúar Bláskógabyggðar boðuðu forföll en ákveðið var, í samráði við aðal- og varamann úr Bláskógabyggð, að halda fundinn og kynna niðurstöður úttektar.

Fundargerðina ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Formaður kynnti helstu niðurstöður úttektar sem gerð var af Gunnari Gíslasyni og Rúnari Sigþórssyni hjá Miðstöð skólaþróunar hjá Háskólanum á Akureyri.

Almennar umræður urðu um efni úttektarinnar og þær niðurstöður og tillögur sem þar koma fram. Einnig var rætt um núverandi stöðu Skóla- og velferðarþjónustunnar. Í máli deildarstjóra kom fram að verið sé að gera ýmsar breytingar á skipulagi starfseminnar. Þær fela meðal annars í sér tilfærslu verkefna innan starfsmannahópsins sem nú er loksins kominn í eitt og sameiginlegt húsnæði en sú breyting hefur eftt samstarf og samvinnu milli starfsmanna mikið. Einnig kom fram að náms- og starfsráðgjafi hefur verið í veikindaleyfi og ekki ljóst hvenær hún kemur aftur til starfa.

Stjórn samþykkir að fela deildarstjóra og formanni að vinna nánar að tillögum að framtíðarskipan SVÁ í samræmi við umræður á fundinum og verði þær tillögur til umræðu á næsta fundi stjórnar sem haldinn verður í Laugarási þann 19. janúar 2026, kl. 8:30.

Skýrslan ásamt tillögum verði lögð fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga SVÁ í byrjun febrúar. Áður munu skýrsluhöfundar kynna niðurstöður sínar fyrir hagaðilum. Er formanni falið að boða til þess fundar.

Stjórn samþykkir jafnframt að fela deildarstjóra skólaþjónustu að leita leiða til að hægt verði að veita þjónustu náms- og starfsráðgjafa til nemenda í 10. bekk á vorönn 2026 í samvinnu við skólastjórnendur.

2. Fyrirkomulag barnaverndar.

Þann 19. september s.l. var erindi sent til Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss þar sem óskað var eftir formlegu samstarfi um barnaverndarþjónustu þar sem SVÁ hefur verið synjað um undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu. Jákvætt svar hefur borist frá Sveitarfélaginu Ölfus en ekkert svar hefur enn borist frá Hveragerðisbæ.

Stjórn samþykkir að fela deildarstjóra velferðarþjónustu að ítreka erindið því mikilvægt er að svar berist hið fyrsta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30